

Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 17. september 2018, kl. 16:30 í fundarsal bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, lðndal 2 í Vogum.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson (f.h. Reykjanesbæjar), Fannar Jónasson (f.h. Grindavíkurbæjar), Magnús Stefánsson (f.h. sameinað sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklnnar), Kristín Vala Matthíasdóttir (f.h. HS Orku), Árni Sigfússon (f.h. Bláa Lónsins) og Hanna María Kristjánsdóttir (f.h. Þekkingarseturs Suðurnesja)

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri)

1. Skýrsla stjórnar

Kjartan Már Kjartansson fór yfir störf stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 25. september 2017.

2. Ársreikningur 2017

Ársreikningur 2017 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Samþykkt að vísa vinnslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 til stjórnar.

4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykta félagsins:

- Sigurgestur Guðlaugsson af hálfu Reykjanesbæjar og Kjartan Már Kjartansson til vara
- Fannar Jónasson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara
- Ásgeir Eiríksson af hálfu Sveitarfélagsins Voga og Bergur Álfþórsson til vara
- Magnús Stefánsson af hálfu sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs og Rakel Ósk Eckard til vara
- Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Árni Sigfússon af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hanna María Kristjánsdóttir, Sigrún Elefsen og Sindri Gíslason til vara.

5. Kosning endurskoðenda

Samþykkt að Íslenskir endurskoðendur ehf endurskoði reikninga félagsins samkvæmt útboði.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Stjórn mun ekki þiggja laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um árgjald næsta árs

Aðalfundur samþykkir að vísa ákvörðun um árgjald ársins 2018 til næsta fundar stjórnar.

8. Önnur mál

Kjartan Már leggur fram eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins fyrir hönd stjórnar:

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktanna:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.
- Tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu tilnefndur sameiginlega af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.
- Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.

Komi eftirfarandi málsgrein:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Sveitarfélagsins Voga.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.
- Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.

Í 15. gr. samþykktanna er fjallað um breytingar á samþykktunum. Samkvæmt því þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi til að breytingin geti tekið gildi.

Tillagan er samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð ritaði: ESJ